



Alþingi
Erindi nr. P 132/2001
komudagur 2. 5. 2006

1. maí 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Tollvarðafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum

Vísað er til bréfs háttvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 25. apríl 2005, þar sem óskað er eftir að Tollvarðafélag Íslands veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingar á tollalögum, nr. 88/2005.

Undirritaður var nú nýlega boðaður á fund allsherjarnefndar Alþingis, m.a. vegna frumvarps til laga um breytingu á lögreglulögum og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði (mál nr. 520). Í fyrrgreindu frumvarpi eru lagðar til miklar breytingar á lögregluumdæmum landsins og stjórn þeirra. Það er skilningur Tollvarðafélagsins að umræddar breytingar á tollalögum séu fyrst og fremst til komnar vegna ofangreindra breytinga á lögregluumdæmunum. Verði þetta frumvarp að lögum, hefur það mikil áhrif á það umhverfi sem tollstjórar vinna í og að mati stjórnar TFÍ er því nauðsynlegt að samhliða séu gerðar breytingar á tollumdæmunum. Að áliti Tollvarðafélagsins fer vel á því að toll- og lögregluumdæmi séu þau sömu og auðveldar það þá nánú samvinnu sem er á milli þessara skyldu stétta.


Að mati Tollvarðafélags Íslands gætu þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu orðið til þess að efla tollgæslu í landinu. Þetta á ekki síst við í Hafnarfirði, þar sem einungis eru starfandi þrír tollverðir, og í Keflavík þar sem tveir tollverðir eru starfandi. Með breytingunni verða tollverðir á þessum stöðum hluti af stærra liði tollvarða, sem nota mætti við tollefirlit, s.s. við leit í skipum eða frakt. Ástæða er til að ætla að tollefirlit aukist umtalsvert í kjölfarið.

Einnig má ætla að tollframkvæmdin sem slík – þ.e.a.s. tollafgreiðslan, útreikningur gjalda o.s.f.v – batni í kjölfar stækkunar umdæma. Til þessa hefur störfum í tollafgreiðslu víða verið sinnt í hjáverkum af fólki, sem hefur mismikla kunnáttu í tollamálum. Nú munu einstaklingar, sem hlotið hafa sérmenntun í Tollskóla ríkisins, yfirtaka þessi störf og er það til þess fallið að skerpa á samræmdri tollframkvæmd og gera störfin markvissari og skilvirkni meiri. Með þessari breytingu á tollalögum er einni tryggt að tollvörður er starfandi í hverju tollumdæmi.

Í frumvarpinu er í ákvæðum til bráðabirgða skýrt tekið fram að tollstjórinn á Suðurnesjum taki við réttindum og skyldum gagnvart tollvörðum sem störfuðu hjá tollstjóranum í Keflavík og jafnframt að tollstjórinn í Reykjavík taki við réttindum og skyldum gagnvart tollvörðum, sem störfuðu hjá tollstjóranum í Hafnarfirði. Með þessu ákvæði er tryggt að engar breytingar verða, a.m.k. fyrst um sinn, á skipunarkjörum þeirra tollvarða sem færast til nýrra tollstjóraembættis. Stjórn TFÍ hefur því ekkert við tilfærslu þessara embættismanna að athuga, sbr. ákvæði 36. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Hvað þjónustu við almenning varðar hafa tollstjórinn í Reykjavík og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli, verðandi tollstjóri á Suðurnesjum, lýst því yfir að tollafgreiðsla á báðum stöðum taki litlum breytingum og sér Tollvarðafélag Íslands því ekki ástæðu til að gera athugasemdir vegna þessa.

Virðingarfyllst,


Guðbjörn Guðbjörnsson
formaður